

Ár 2017, fimmtudaginn 30. mars, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Jónasi Þór Guðmundssyni, Huldu Árnadóttur, Óskari Bergssyni, Svanhildi Kaaber og Vilhjálmi H. Vilhjálmsyni.

Fyrir var tekið:

## Að ákveða laun og starfskjör ríkissáttasemjara

### I.

Samkvæmt 7. mgr. 20. gr. laga um stéttarfélag og vinnudeilur nr. 80/1938 með síðari breytingum, skulu laun ríkissáttasemjara ákveðin á sama hátt og laun ráðherra og hæstaréttardómara. Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð er verkefni ráðsins meðal annars að ákveða laun dómara og ráðherra. Samkvæmt 3. gr. sömu laga ákveður fullskipað kjararáð meðal annars laun ráðherra og hæstaréttardómara. Það heyrir því undir fullskipað kjararáð að ákveða ríkissáttasemjara laun.

### II.

Kjararáð hefur haft launakjör ríkissáttasemjara til skoðunar. Af því tilefni var fjármála- og efnahagsráðuneyti og velferðarráðuneyti með bréfum dagsettum 27. september 2016 gefinn kostur á að leggja fram greinargerðir vegna málsins, sbr. 6. gr. laga um kjararáð. Jafnframt var ríkissáttasemjara með bréfi dagsettu sama dag gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum við ráðið.

Fjármála- og efnahagsráðuneyti sendi kjararáði bréf dagsett 1. nóvember 2016. Í bréfinu segir að ráðuneytið telji eðlilegt að kjararáð horfi á þá launaþróun sem verið hafi við athugun á því hvort endurmeta eigi laun ríkissáttasemjara og að gætt sé jafnræðis við ákvarðanir kjararáðs.

Velferðarráðuneytið sendi kjararáði bréf dagsett 17. október 2016. Í bréfinu segir að ráðuneytið telji mikilvægt að ríkissáttasemjari njóti sambærilegra launa og aðrir forstöðumenn sem undir kjararáð heyrja að teknu tilliti til umfangs og ábyrgðar sem störfunum fylgi.

Ríkissáttasemjari sendi kjararáði bréf dagsett 5. október 2016. Í því segir að fjallað sé um ríkissáttasemjara í lögum um stéttarfélag og vinnudeilur nr. 80/1938, einkum III. kafla. Í lögnum segi meðal annars að ráðherra skipi ríkissáttasemjara til fimm ára í senn, hann skuli vera íslenskur ríkisborgari, fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð. Þá segi í lögnum að þess skuli gætt að afstaða ríkissáttasemjara sé slík að telja megja hann óvilhallan í málum launafólks og atvinnurekenda. Einnig segi þar að laun hans skuli ákveðin á sama hátt og laun ráðherra og hæstaréttardómara. Fram kemur í bréfinu að ríkissáttasemjari sé skipaður í starf að undangengnu ítarlegu faglegu mati og tillögu sérstakrar valnefndar til ráðherra.

Í bréfinu segir jafnframt að hlutverk ríkissáttasemjara sé að annast sáttastörf í vinnudeilum milli samtaka launafólks og atvinnurekenda ásamt því að fylgjast með ástandi og horfum í atvinnulífi og á vinnumarkaði um land allt. Hann skuli fylgjast með þróun kjaramála og atriðum sem valdið gætu ágreiningi í samskiptum samtaka atvinnurekenda og stéttarféлага og gefa stjórnvöldum reglulega skýrslu um störf sín og ástandið á vinnumarkaði. Honum sé falið að halda skrá yfir gildandi kjarasamninga og breytingar á þeim, ásamt því að halda utan um allar breytingar á kaupþóxtum sem á samningunum byggja. Fram kemur að samningsaðilar geti hvenær sem er óskað eftir milligöngu sáttasemjara vegna deilu og raunin sé sú að ríkissáttasemjari hafi einhverja aðkomu að langflestum kjarasamningum sem gerðir séu í landinu. Annars vegar gerist það með því að aðilar deilu vísi máli beinlínis til sáttasemjara og viðræður séu þá undir hans stjórn, en hins vegar með óformlegri aðkomu, en algengt sé að aðilar kjaradeilu óski eftir að nota húsnaði ríkissáttasemjara við samningsgerðina þótt málinu sé ekki beinlínis vísað til embættisins.

Í bréfi ríkissáttasemjara er einnig gerð grein fyrir eðli og umfangi starfs ríkissáttasemjara. Fram kemur að álag á embættið hafi verið mikið síðustu ár enda róstusamt á vinnumarkaði. Yfirvinna sé að jafnaði mjög mikil og vegna eðlis starfsins oft erfitt að sjá fyrirfram hver vinnutíminn verði. Þá kemur fram að unnið hafi verið að umbótaverkefni hjá embættinu sem hafi það að markmiði að efla sáttamiðlunarferlið. Að endingu segir í bréfinu að vegna eðlis starfsins sé ríkissáttasemjara ókleift að sinna launuðum störfum meðfram starfi sínu, auk þess sem það geti dregið úr trausti og óhlutdrægni

hans sem ríkissáttasemjara. Hann þurfi að vera óvilhallur og honum sé ætlað mikið sjálfstæði í störfum sínum. Viðtækt traust sé forsenda fyrir því að ríkissáttasemjari nái árangri í starfi.

Með bréfi dagsettu 3. nóvember 2016 fékk ríkissáttasemjari send framangreind svör ráðuneytanna til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum um efni þeirra. Engar athugasemdir bárust.

### III.

Samkvæmt lögum um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 með síðari breytingum skipar ráðherra ríkissáttasemjara til fimm ára í senn. Hann skal vera íslenskur ríkisborgari, fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð. Þess skal gætt að afstaða hans sé slík að telja megi hann óvilhallan í málum launafólks og atvinnurekenda. Laun ríkissáttasemjara skulu ákveðin á sama hátt og laun ráðherra og hæstaréttardómara.

Ráðherra ræður einnig vararíkissáttasemjara og skal hann fullnægja sömu skilyrðum og ríkissáttasemjari. Hann tekur við störfum ríkissáttasemjara þegar hann er forfallaður og er honum til aðstoðar þegar þörf krefur. Ríkissáttasemjari getur tilnefnt aðstoðarsáttasemjara til að aðstoða sig við lausn vinnudeilu eða vinna sjálfstætt að lausn einstakrar vinnudeilu. Það er borgaraleg skylda að taka að sér starf aðstoðarsáttasemjara. Ef sýnt þykir að vinnudeila hafi mjög alvarlegar afleiðingar getur ríkisstjórnin skipað sérstaka sáttanefnd til að vinna að lausn deilunnar. Skal samráð haft við ríkissáttasemjara og deiluaðila áður en sáttanefnd er skipuð.

Skrifstofa ríkissáttasemjara er í Reykjavík og ræður hann til hennar starfsfólk eftir þörfum og í samræmi við heimildir.

Ríkissáttasemjari annast sáttastörf í vinnudeilum milli launafólks og félaga þess annars vegar og atvinnurekenda og félaga þeirra hins vegar. Hann skal fylgjast með ástandi og horfum í atvinnulífi og á vinnumarkaði um allt land. Hann skal fylgjast með þróun kjaramála og atriðum sem valdið gætu ágreiningi í samskiptum samtaka atvinnurekenda og stéttarfélaganna. Hann skal halda skrá yfir gildandi kjarasamninga og er samtökum launafólks og atvinnurekenda, svo og ófélagsbundnum atvinnurekendum, skylt að senda honum samrit allra kjarasamninga sem þeir gera jafnskjótt og þeir hafa verið undirritaðir. Breytingar á áður gildandi kjarasamningum skulu sendar með sama hætti. Sömu aðilar skulu einnig senda sáttasemjara samrit allra kauptaxta og kjaraákvæða sem út eru gefin á grundvelli gildandi kjarasamnings. Samningsaðilar skulu ennfremur senda ríkissáttasemjara samrit af uppsögn kjarasamninga, svo og kröfugerð, jafnskjótt og hún er send gagnaðila. Atvinnurekendur eða samtök þeirra og stéttarfélög skulu gera áætlun um skipulag viðræðna um endurnýjun kjarasamnings. Viðræðuáætlun, undirrituð af báðum samningsaðilum, skal þegar í stað send ríkissáttasemjara. Viðræðuáætlun skal gerð í síðasta lagi tíu vikum áður en gildandi kjarasamningur er laus. Ef samningsaðilar hafa þá ekki gert viðræðuáætlun skal sáttasemjari gefa út viðræðuáætlun fyrir þá samningsaðila í síðasta lagi átta vikum áður en gildandi kjarasamningur er laus. Samningsaðilar geta hvenær sem er eftir útgáfu viðræðuáætlunar óskað milligöngu sáttasemjara eða aðstoðar hans og skal hann þá þegar beita sér fyrir því að samningaumleitarnir fari fram í samræmi við viðræðuáætlun. Ef slitnar upp úr samningaviðræðum aðila eða annar hvor þeirra telur vonlítið um árangur af frekari samningaumleitunum getur hvor þeirra um sig eða báðir sameiginlega vísað deilunni til sáttasemjara.

Ríkissáttasemjara er ávallt heimilt að taka í sínar hendur stjórn samningaviðræðna ef hann telur það heppilegt. Sáttasemjari getur kafið aðila vinnudeilu um hverjar þær skýrslur og skýringar sem hann telur nauðsynlegar til að leysa vinnudeilur. Hann getur kafið allar opinberar stofnanir um þær upplýsingar og skýrslur sem hann telur þörf á. Með öll slík gögn skal fara sem trúnaðarmál ef þess er óskað. Ef samningsumleitarnir sáttasemjara bera ekki árangur er honum heimilt að leggja fram miðlunartillögu til lausnar vinnudeilu. Miðlunartillögu skal leggja fyrir félög eða félagasambönd launafólks og atvinnurekenda eða einstakan atvinnurekenda, eigi hann í vinnudeilu, til samþykktar eða synjunar. Sáttasemjara ber að ráðgast við samninganefndir aðila áður en hann ber fram miðlunartillögu.

Ríkissáttasemjari skal senda ráðherra skýrslur um störf sín samkvæmt lögnum svo oft sem þurfa þykir og ekki sjaldnar en einu sinni á ári.

#### IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skuli kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Með ákvörðun kjararáðs 19. júní 2007 voru laun ríkissáttasemjara felld að sömu launatöflu og gildi fyrir aðra embættismenn sem kjararáð ákveður laun, en áður heyrði undir Kjaradóm að ákveða honum laun. Frá þeim tíma hafa laun hans tekið breytingum í samræmi við almennar ákvarðanir kjararáðs. Við ákvörðun launakjara ríkissáttasemjara er höfð hliðsjón af hlutverki hans og starfsskyldum samkvæmt lögum sem og eðli og umfangi starfsins. Þá er einnig höfð hliðsjón af því innbyrðis samræmi sem kjararáði ber að gæta og áður er gerð grein fyrir.

Með vísan til framangreinds hefur kjararáð ákveðið að laun og önnur starfskjör ríkissáttasemjara skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

#### V.

##### Ákvörðunarorð

Frá og með 1. mars 2017 skulu mánaðarlaun ríkissáttasemjara vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 143, nú 1.210.442 krónur. Að auki skal greiða honum 40 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-136, nú 9.572 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör ríkissáttasemjara gilda reglur kjararáðs frá 17. nóvember 2015.

---

Jónas Þór Guðmundsson

---

Hulda Árnadóttir

---

Óskar Bergsson

---

Svanhildur Kaaber

---

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson